

ið af Torfastaða prestakalli í rjettu hlutfalli við samskonar gjald af öðrum prestaköllum, virðist eðlilegast að skipta hinu fyr á minnsta gjaldi 12 kr. 74 a. á milli tjeðra tveggja prestakalla eptir því hlutfalli, sem tekjur þeirra eru taldar í brauðamati því, sem gjört var 1878 í tilefni af annari skipun prestakalla, og eru eptir því:

Torfastaða tekjur 1029 kr. 63 a.
Ólafsvalla — 800 — » -

og samkvæmt þessu hafa stiptsyfirvöldin lagt það til, að árgjaldið verði eptirleiðis greitt af Torfastöðum með 7 kr. 17 a.
og af Ólafsvöllum 5 — 57 -

Alls 12 — 74 -

Þessi tillaga er hjer með samþykkt.

Auglýsing

um póstmál.

Í sambandi við auglýsingu mína um póstmál frá 15. apríl f. á. (stjórnartíð. s. á. B. 45), skal hjer með kunngjört samkvæmt brjefi yfirstjórnar hinna dönsku póst- og telegrafmála, að fyrir þau brjef með tiltekinni verðupphæð, er fara eiga til Norvegs yfir Danmörk, skulu eptirleiðis greiddir 18 a. af hverjum 144 kr. í ábyrgðargjald, þar á móti er ábyrgðargjaldið til Svíþjóðar enn óbreytt 8 a. af hverjum 144 kr.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 6. febr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— Brjef landshöfðingja til biskups um veitingu prestakalla. — Með brjefi frá 14. þ. m. hafið þjer, herra biskup, sent mjer bónarbrjef um tvö prestaköll, sem nú eru laus, Þóroddstað í Köldukinn og Reynistaðarklaustur, og hafið þjer tekið fram, að bæði bónarbrjefin sjeu bundin skilyrðum, sem sje að því er lýtur að Þóroddstaðarprestakalli, að það verði bætt upp með 200 kr. á ári, og hvað Reynistaðarklaustur snertir, að laun þess verði aukin á þann hátt, sem tiltekið er í lagafrumvarpi því, er hið síðasta alþingi samþykkti um skipun prestakalla. Í annan stað hafið þjer leitt athygli að því, að annar hinna nefndu sökjanda hefir tekið við embætti því, sem hann nú hefir, í fardögum 1879. Minnizt þjer því á hinar óheppilegu og skadlegu afleiðingar, sem allt of tíður flutningur presta getur haft á hlutaðeigandi söfnuði og presta, með því hann gjörir samvinnu þeirra endasleppa, og truflar og skaðar barnauppræðinguna, auk þess sem hann vekur þá hugsun hjá almenningi, að prestar láti sjer miður annt um embætti sitt en um það, hvar þeir fá mestar tekjur, og verður þannig til að kasta skugga á prestastjettina. Hafið þjer því farið fram á, hvort ekki væri ástæða til að setja einhver takmörk fyrir því, að prestar hlaupi frá einu prestakalli til annars, og sjer í lagi að gjöra það að aðalreglu, að þegar prestur fær embætti, og er fluttur þangað, þá verði hann að þjóna því að minnsta kosti í 2 ár, áður en hann getur gjört sjer von um að fá annað brauð.

Jeg er alsendis samdóma herra biskupnum um það, að hinn umræddi tíði flutningur presta frá einu brauði til annars, sje ósiður, sem geti haft óheppilegar og skadlegar afleiðingar, en jeg verð að vera á því, að ekki þurfi neina nýja ákvörðun til þess að reisa skorður við ósið þessum. Það er vitaskuld, að aðaltilgangurinn með veitingar á prestaköllum eins og á öðrum embættum er, að þörfum hlutaðeigandi safnaðar og em-

Hinn 9. marz 1880.